

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Skýrsla formanns fyrir starfsárið 2017

Árið 2017 var að flestu leyti hefðbundið. Farnar voru ferðir til mælinga, fræðslufundir voru með líku sniði og undanfarin ár og Jökull kom út að venju. Fjárhagur og starfið í heild sinni stendur því þokkalega.

Aðalfundur var haldinn 27. febrúar. Tómas Jóhannesson stýrði fundi og Finnur Pálsson var fundarritari. Ekki urðu breytingar í aðalstjórn á fundinum og verkaskipting stjórnar var óbreytt frá fyrra ári.

Stjórn JÖRFÍ 2017

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður
Magnús Hallgrímsson, varaformaður
Sjöfn Sigsteinsdóttir, gjaldkeri
Guðfinna Aðalgeirsdóttir, ritari
Árni Páll Árnason, meðstjórnandi.

Varastjórn:

Hálf dán Ágústsson, Vilhjálmur S. Kjartansson, Þóra Karlsdóttir og Ragnar Þór Jörgensen.

Nefndir JÖRFÍ:

Rannsóknanefnd:

Magnús Tumi Guðmundsson formaður, Alexander Jarosch, Andri Gunnarsson, Bergur Bergsson, Bergur Einarsson, Björn Oddsson, Bryndís Brandsdóttir, Eyjólfur Magnússon, Finnur Pálsson, Guðfinna Aðalgeirsdóttir, Hálf dán Ágústsson, Hrafnhildur Hannesdóttir, Magnús Hallgrímsson, Oddur Sigurðsson, Tómas Jóhannesson og Þorsteinn Þorsteinsson.

Bílanefnd:

Sigurður Vignisson formaður, Árni Páll Árnason, Eiríkur Finnur Sigursteinsson, Garðar Briem og Hallgrímur Þorvaldsson.

Skálanefnd:

Ragnar Þór Jörgensen formaður, Aðalsteinn Svavarsson, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Grétar Þorvaldsson, Guðbjörn Þórðarson, Gunnar Antonsson, Leifur Þorvaldsson, Snæbjörn Sveinsson, Stefán Bjarnason, Sverrir Hilmarsson, Vilhjálmur S. Kjartansson og Þorsteinn Kristvinsson.

Ferðanefnd:

Sjöfn Sigsteinsdóttir formaður, Bergur Bergsson, Herdís Schopka, Hlynur Skagfjörð, Magnús Tumi Guðmundsson, Sigurður Vignisson og Þorsteinn Jónsson.

Ritstjórnar Jökuls:

Bryndís Brandsdóttir, Þorsteinn Þorsteinsson, Gréta Björk Kristjánsdóttir og Snævarr Guðmundsson.

Ritnefnd Jökuls:

Christopher J. Caseldine, Fiona S. Tweed, Gifford H. Miller, Haraldur Sigurðsson, Helgi Björnsson, Karen L. Knudsen, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson, Robert S. Detrick, Tómas Jóhannesson og William H. Menke.

Skemmtinefnd:

Herdís Schopka, Árni Páll Árnason, Katla Sigríður Magnúsdóttir, Anna Línal og Rebecca Robinson.

Valnefnd:

Jón E. Ísdal, Stefán Bjarnason og Oddur Sigurðsson.

Fulltrúi í SAMÚT:

Björn Oddsson, Árni Páll Árnason til vara.

GJÖRFÍ-nefnd:

Þóra Karlsdóttir og Ástvaldur Guðmundsson.

Félagatal:

Hálf dán Ágústsson og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir.

Geymsla í Mörk: Alexander Ingimarsson.

Erlend áskrift: Bóksala stúdenta.

FÉLAGATAL

Félagatalan hefur haldist svipuð og undanfarin ár. Heiðursfélagar eru 17, almennir félagar 492, fjölskyldufélagar 22 og námsfólk 68. Fyrirtæki og stofnanir eru 32. Samtals eru þetta 614 félagar og aðilar. Erlendir áskrifendur Jökuls eru um 50. Einn heiðursfélagi féll frá á árinu, Árni Kjartansson, á 95. aldrarsári.

RANNSÓKNIR

Eins og undanfarin ár snérust rannsóknir félagsins um vorferð á Vatnajökul, mælingar á afkomu Mýrdalsjökli og sporðamælingar.

1. *Afkomumælingar á Mýrdalsjökli.* Mælt var í maí að venju og tókust þær mælingar vel. Teknar voru þrjár afkomuholur uppi í öskjunni og tvær á Sléttjökli norðan hennar. Jafnframt var sett upp veðurstöð á söðlinum milli Sólheima- og Kötlujökla. Stöðin var sótt um haustið og afkoma mæld við stikur í öskjunni. Verulega snjóaði á Mýrdalsjökul í lok maí og í júní sem olli því að sumarleysing varð í heildina mjög lítil.

2. *Sumarferð félagsins* var í þetta sinn sameinuð haustferðinni og farin 8.–10. september. Hópurinn gisti í Strútskála og gekk á laugardeginum inn á Sléttjöklinn frá Mælifellsandi. Lesið var af afkomustikunum sem þar voru settar niður um vorið.

3. *Vorferð 2.–10. júní.* Vorferðin var að mestu með hefðbundnum hætti, farin um Tungnaárjökul. Þátttakendur voru 29, þar af nokkrir yfir langa helgi í fyrri hluta ferðar. Tveir hópar franskra kvikmyndagerðarmanna fylgdu okkur áleiðis. Verkefni gengu þokkalega eins og oft áður. Unnið var í Grímsvötnum, á Bárðarbungu og víðar.

4. *Sporðamælingar.* Mælingar voru nú með svipuðu sniði og undanfarin ár. Ekki eru allar niðurstöður komnar en hop einkennir mælingarnar eins og undanfarin ár. Jökulum sem skrifa fram í lón fer nú fjölgaandi en við þær aðstæður er vandkvæðum bundið að mæla sporð með hefðbundnum hætti. Jafnframt gefur lega sporðs takmarkaðar upplýsingar um heilsu jökuls því hann getur staðið svo til kyrrstæður í lóni þó svo að hann þynnist stöðugt. Niðurstöður sporðamælinga eru öllum aðgengilegar á vefnum spordakost.jorfi.is. Unnið er að því að ljúka við leiðbeiningarbækling fyrir jöklamælingafólk og áformað að hann verði tilbúinn fyrir mælingar næsta haust.

FUNDIR

Eftir hefðbundin störf aðalfundar í febrúar voru sýndar þrjár gamlar og góðar kvikmyndir úr jökla- og fjallaferðum. Á vorfundi 2. maí sagði Magnús Tumi Guðmundsson frá jöklaskálum og hugsanlegum áhrifum eldgosa á þá. Eftir hlé var sýnd myndin Húsið á fjallinu um flutning nýja skála á Grímsfjall 1987.

Haustfundur var 31. október. Þar fjallaði Eyjólfur Magnússon um íssjarmælingar í Eystri Skaftárkatli auk þess sem Eiríkur Finnur Sigursteinsson sýndi myndir frá hjólaferð yfir Vatnajökul. Fundirnir voru ágætlega sóttir. Á aðalfundi voru um 50 manns, 45 á vorfundi og 55–60 manns á haustfundi.

HEIÐURSFÉLAGI

Halldór Ólafsson var kjörinn heiðursfélagi JÖRFÍ, fyrir sex áratuga starf, en auk margra annarra verka má þakka honum öðrum fremur fyrir varðveislu á vísu Sigurður Þórarinssonar sem margar eru ortar um jöklaferðir og jöklafolk og eru dýrmætur arfur sem varðveita þarf fyrir komandi kynslóðir.

ÚTGÁFA JÖKULS, FRÉTTABRÉF OG VEF-SÍÐA

Jökull 66 kom út í febrúar. Ritið var nokkuð að vöxtum, 144 blaðsíður með fimm ritrýndum fræðigreinum og 44 blaðsíðum af margvíslegu félagsefni og fróðleik á íslensku. Bóksala stúdenta sér um dreifingu erlendis og ritstjórn er í öruggum höndum eins og undanfarin ár. Umsjón með vefsíðu hefur verið í höndum Hálfðans Ágústssonar auk þess sem hann er ritstjóri fréttabréfsins.

SKEMMTIFERÐIR

GJÖRFÍ göngur voru allmargar farnar, bæði innan Reykjavíkur og í nágrenni hennar. Þessar ferðir voru farnar á mánudagskvöldum kl. 17:30. Hefðbundin sumarferð var ekki farin en í stað þess var hún sameinuð haustferðinni sem í þetta sinn var farin inn í Strútskála, Mælifellssand og Sléttjökul og að hluta nýtt til mælinga eins og greint er frá hér að framan. Með þessu móti var sameinuð skemmti- og mælingaferð í besta anda félagsins. Þátttakendur í ferðinni voru 28.

SKÁLAMÁL

Í Jökulheiminum sinnti skálanefndin venjulegu viðhaldi og fór tvær ferðir í því skyni, að vori og að hausti. Í haustferðinni voru kyndikerfin m.a. lagfærð og húsin gerð klár fyrir veturinn. Vorferð flutti eldsneyti og efni til lagfæringa á Grímsfjall auk þess sem hugað var að húsum og búnaði. Um mánaðamótin ágúst-september var farin stór vinnuferð á Vatnajökul. Fyrsti hópurinn fór á tveimur bílum af stað á þriðjudegi, í Goðahnjúka þar sem allt var þrifið og málað. Tveimur dög-

um síðar var sami hópur mættur í Kverkfjöll og vann sama verk þar, einnig á tveimur dögum. Þaðan var haldið á Grímsfjall þar sem mættu fjórir bílar til viðbótar með aukinn mannskap. Á fjallinu var skipt um undirstöður og endurbyggður pallurinn fyrir sunnan vélageymsluna en hann var sligaður eftir mörg ár af ís- og snjófargi. Settur var öflugur járnbiti þar sem áður var trébiti og á hann að þola betur álagið af vetrarsnjónum. Ekki var veður til að bera á húsinn að utan en innan dyra var lakkað eins og við var komið. Skipt var um úthurð á stóra skálanum, þá glugga sem skemmst höfðu af ágangi íss og veðra og opnanleg fög í gamla skála. Farið var um Skálafellsjökul. Ekki er búið að ganga að fullu frá kælíbúnaði vegna rafstöðvar í vélageymslu en um hana er samstarf við Neyðarlínuna. Gerð var tilraun til að fara á Grímsfjall til að ganga frá kælíbúnaðinum í ferð í nóvember en menn urðu frá að hverfa vegna veðurs. Rafstöðin sinnir þó sínu hlutverki að mestu eins og hún er núna útbúin, en má þó ekki vera í gangi lengi í einu þegar snjór hylur húsið. Til stendur að fara vinnuferð og ganga endanlega frá málinu fyrir vorið.

Keypt var finnskt þurrsalerni sem ætlunin er að setja upp í Esjufjöllum. Þar er nú vaxandi umferð gangandi og skíðandi fólks og ekki forsvaranlegt að þar sé engin salernisaðstaða. Reiknað er með því að það verði sett upp í lítilli viðbyggingu sem flutt verði uppeftir og fest við húsið fyrir næsta vor.

BÍLAMÁL

Auk vorferðar, þar sem bíll félagsins gegnir jafnan lykilhlutverki, fór Fordinn tvær ferðir í Jökulheima, í dagsferðina á Mýrdalsjökul í maí, í septemberferðina að Sléttjökli og síðsumarferðina á Grímsfjall. Bíllinn er í þokkalegu ásigkomulagi en við höfum fengið að geyma hann í lokuðu porti hjá Gámaþjónustunni. Eina bilunin var brotin hjólalega í lok vorferðar. Bíllinn hefur því enn og aftur sannað gildi sitt fyrir starfsemi félagsins.

SAMSTARF VIÐ LANDSVIRKJUN

Á árinu var endurnýjaður samstarfssamingur Landvirkjunar og Jöklarannsóknafélagsins. Hann gerir félaginu kleift að leigja öflugan snjóbíll í vorferðir sem flutt getur eldsneyti, tæki og farangur. Eru hagsmun-

irnir af samningnum gagnkvæmir. Mæligögn sem aflað er opin og aðgengileg og nýtast þau Landsvirkjun. Þá er hægt að tryggja öflugt viðhald húsanna en þar eru bæði geymslur fyrir búnað og tæki og aðstaða fyrir mælingaleiðangra. Samningurinn sem gerður var á árinu gildir í þrjú ár, 2017–2019.

ÁRSHÁTÍÐ

Í þessa sinn var árshátíðin haldin 18. nóvember. Hún hófst á fordrykk hjá Íslenskum Fjallaleiðsögumönnum sem tóku ákaflega vel á móti okkur. Þaðan var haldið upp í Stangarhyl þar sem hátíðin sjálf var haldin í sal eldri borgara. Þótti hátíðin heppnast vel í alla staði en þátttakendur voru með færri móti, eða 45.

LOKAORÐ

Ferðamannastraumurinn sem liggur til Íslands nær einnig inn á jöklana. Gönguhópum að vetrarlagi sem vilja nota aðstöðuna í skálunum fer vaxandi. Það er í sjálfu sér ánægjulegt en kallar á að salernismálin verði tekin fastari tókum en verið hefur. Stjórn og skálanefnd kanna nú leiðir til úrbóta. Leitar félagið m.a. stuðnings hjá ráðuneyti Umhverfismála og Vatnajökulsþjóðgarði vegna þessara mála.

Elsta hús félagsins er Breiðá á Breiðamerkursandi sem reist var sumarið 1951. Fljótlega eftir að það var byggt færðist miðstöð Vatnajökulsferða til Jökulheima, eftir að fært bílavað fannst á Tungnaá. Breiðá hefur þó gegnt hlutverki gegnum árin sem frumstað bækistöð rannsóknaleiðangra lítilla hópa vísindamanna og nemenda sem rannsakað hafa Breiðamerkursand. Breiðá er nú komin inn í Vatnajökulsþjóðgarð eftir að útmörk garðsins breyttust fyrir skömmu. Staða hússins er all sérstæð því það er innan við einn kílómetra frá þjóðvegi 1 meðan að frá húsinnu að jökli eru nú margir kílómetrar. Ljóst er að húsið þarf mikið viðhald ef það á ekki að eyðileggjast. Stjórnin vinnur nú að ásættanlegri lausn um framtíð hússins í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð. Helst er horft til þess að Garðurinn fái húsið til afnota í eitt-hvert árabíl gegn því að gera við það og sjái jafnframt til þess að sú frumstaða gístaðstaða sem þar er fyrir litla rannsóknahópa haldi sér.

*Flutt á aðalfundi 27. febrúar, 2018.
Magnús Tumi Guðmundsson*